

Ed.

341. Nefndarálit

[174. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Neðri-Brekku í Saurbæjarhreppi, Dalasýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið á fundum sínum og sent það til umsagnar jarðeignadeild landbúnaðarráðuneytisins og landnámsstjóra. Jarðeignadeildin mælir með sölu jarðarinnar, en landnámsstjóri vill fresta afgreiðslu málsins og að fram fari athugun á því, hvort ekki sé rétt að skipta umræddri jörð á milli jarðanna Bessatungu og Fremri-Brekku. — Hreppsnefnd Saurbæjarhrepps mælir hins vegar með sölu jarðarinnar, eins og frumvarpið felur í sér.

Landbúnaðarnefnd mælir einróma með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 3. febr. 1971.

Steinþór Gestsson, form.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Jón Árnason, frsm.
Páll Þorsteinsson.	Ásgeir Bjarnason. Jónas G. Rafnar.	Karl Guðjónsson.